

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Deiliskipulag, Ytri-Varðgjá – íbúðarsvæði.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 8. maí 2025 deiliskipulag fyrir íbúðarsvæði í landi Ytri-Varðgjár skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið nær yfir 18,5 ha svæði í landi Ytri-Varðgjár sem í gildandi aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 er að mestu skilgreint sem íbúðarsvæði ÍB12 og að litlum hluta sem skógræktar- og landgræðslusvæði. Nýja deiliskipulagið gerir ráð fyrir 35 lóðum fyrir íbúðarhús og verður aðkoma að svæðinu frá Veigastaðavegi.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Eyjafjarðarsveitar, 19. júní 2025.

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 3. júlí 2025